

Þórdís Jóhannesdóttir

Millibil

Spaces

# Millibil

Texti / text: *Einar Lövdahl*

Hver man hvað bar hæst þarsíðasta þriðjudag? Hver man hvernig viðraði í vor?

Dagarnir skjóta upp kollinum og stinga svo af án þess skilja eftir sig ummerki, nema þá örsjaldan þegar svo ber undir að tilteknu atviki tekst að klóra far í minnið.

Rista rúnir á innanverða höfuðkúpuna.

*Hér gerðist þetta.*

Að öllu öðru leyti er tilveran bara eins og hún er. Hversdagsleg. Meginþorra tímans verjum við á eins konar millibili. Á tómu reitunum milli hinna útkrotuðu á dagatalinu.

Og öll mönnum við ýmiss konar millibil, svamlandi einhvers staðar á milli andstæðra póla og teljumst hvorki vitleysingar né snillingar, hvorki smásálir né hetjur, heldur berum einhverja enn óræðari titla sem leynast þarna á milli.

Flestallt fyrirfinnst og á sér stað á millibilinu.

Millibilið er hvorki stórbrotið né ómerkilegt. Það er uppáhellt kaffi. Vanilluís. Skýjaður sumardagur í lúmskum vindi.

Það er „hvað segirðu?“ og „bara allt gott“.

En það er samt sem áður uppistaðan.

Millibilið er pláss og þar rúmast kannski allt sem skiptir máli í raun og veru. Eitthvað hversdagslegt hér og nú getur reynst dýrmætt að degi liðnum eða jafnvel áratug. Ekki endilega sem ljóslifandi minning um skilgreindan atburð – far í minninu – heldur sem stemning, andrúmsloft, loðin tilfinning sem kitlar.

Já, dagarnir bruna burt og mökkurinn kann að virðast þéttur en stundum þarf þó ekki nema að staldra við til að sjá betur – til að dýpka millibilið og veiða upp úr því eitthvað sem annars væri kastað á glæ. Eitthvað sem núllstillir, nærir, opnar, eykur skilning, framkallar bros, tendrar nýja tilfinningu.

Allar þessar útstillingar sem umvefja okkur.

Allar þessar örlitlu hreyfingar hins stóra heims sem eiga kannski þrátt fyrir allt skilið að rata á spjöld sögunnar, þótt ekki væri nema sem lítið og dauft krot á spássíu.

Á sýningunni má sjá verk Þórdísar Jóhannesdóttur sem eru afrakstur viðleitni hennar til að skrásetja millibilið. Og gott betur, því Þórdís hefur teyggt millibilsaugnablikin til, magnað þau upp, steipt í ný mót og þar með fært okkur hinum ný og óvænt sjónarhorn á kunnuglegt umhverfi.

Þetta eru einföld form, að hennar sögn, sambland ljóss og skugga á mótum hins manngerða og hins náttúrulega.

Fyrirbæri og atburðir sem blasa við hvar og hvenær sem er, virðast jafnvel augljós í hennar huga, en eru þó gjörn á að fara fram hjá fólki.

Hér er tóm og hér er tilefni til að leiða hugann að öllu því athyglissvelta í tilverunni.

Hér hefur uppistaða daganna fengið að storkna.

Kristallast.

Og kannski glitrar jafnvel það gráa þegar það birtist í nýju ljósi.

# Spaces

Who remembers what was in the news the Tuesday before last? Who remembers what the weather was like in the spring?

Days pop up, and then make off, leaving no trace – except on those rare occasions when some certain event succeeds in etching its imprint on our memory.

Scratching runic letters on the inside of the skull.

*This is where it happened.*

Otherwise, life is simply what it is. Mundane. For we spend much of our time in some kind of space. In the gaps in between the busy days on the calendar.

And all of us occupy spaces of different kinds, floating somewhere between opposite extremes – neither idiots nor geniuses, neither losers nor heroes, but called by other, even more indeterminate titles that lie in between.

Almost everything is found, and happens, in the spaces. The space is neither spectacular nor insignificant. It is filter coffee. Vanilla ice cream. A cloudy spring day with an elusive breeze. It is *How are you?* and *Fine, thanks*.

Yet it is also the framework.

Spaces are places, where everything that really matters happens. Something that is humdrum in the moment may prove worth treasuring a day, or even a decade, later. Not necessarily as a vivid memory of a specific event – an imprint in the memory – but as a feeling, an ambiance, an enigmatic sense of something.

Yes, the days rush past in what seems like a dense cloud, yet sometimes one only needs to pause in order to see more clearly – to deepen the intermediate space, and retrieve from it something that would otherwise be discarded. Something that re-sets us, that nourishes, opens, enhances understanding, makes us smile, sparks a new feeling.

These displays all around us.

All these tiny motions in the big world that perhaps deserve, after all, to be written in history – if only as a faint scribe in the margin.

Here in the gallery we see works by Þórdís Jóhannesdóttir, which arise from her desire to document the spaces. And more than that: for Þórdís has spread out the moments of space, enlarged them, re-shaped them, and hence presents to us new and unexpected perspectives on a familiar environment.

These are simple forms, according to the artist – a mixture of light and shadow on the margins of the manmade and the natural. Phenomena and events that are seen anywhere and anytime, that appear to be obvious to the artist, although people tend not to notice them.

Here is a space. And here is an opportunity to pay attention to everything in existence that goes unnoticed.

Here the framework of our days has been allowed to solidify.

To crystallise.

And perhaps even greyness may shine when seen in a new light.

## Þórdís Jóhannesdóttir

Þrátt fyrir að Þórdís Jóhannesdóttir hafi lengi notað ljósmyndina sem sinn miðil telst hún seint til hefðbundinna ljósmyndara. Ljósmyndir eru grunnurinn sem hún svo brýtur upp á, teygir og togar bæði í yfirfærðri og bókstaflegri merkingu orðanna. Þórdís sækir myndefni sitt í hversdagsleikann; efnistökin eru form og litafletir sem hún fangar á ferðum sínum, ýmist í myndlist annarra, arkitektúr eða úti í náttúrunni. Myndirnar notar hún svo sem grunn til frekari útfærslu þrívíðra verka. Undirlag myndanna eru krossviður, álplötur eða plexíglar sem hafa verið brotnar þannig að þær myndi form sem kallast á við eða endurspegla efnistökin sem birtast í ljósmyndinni. Úr verða fletir sem taka á sig ljós og skugga sýningarrýmisisins á mismunandi hátt; verk sem teygja sig úti rýmið og leika á mörkum þess tví- og þrívíða.

Þórdís Jóhannesdóttir (f. 1979) nam myndlist við Listaháskóla Íslands; hún lauk B.A. námi árið 2007 og M.A.námi árið 2015. Þórdís hefur sýnt víða hérlendis, bæði sín verk og í samstarfi við Ingunni Fjólu Ingþórsdóttur undir heitinu Hugsteypan. Af nýlegum sýningum mætti nefna Far í Hafnarborg og Afrit í Gerðarsafni, sem báðar voru hluti af Ljósmyndahátið Íslands 2020.

## Þórdís Jóhannesdóttir

Even though artist Þórdís Jóhannesdóttir has long used photography as her medium in her art practice she can not be considered a traditional photographer. The photograph is the main material in her works, material she then bends, folds or stretches both literally and metaphorically. The photographs she snaps from everyday life; from other peoples artworks, architecture or nature. The photographs are then used as a basis for further structure of three dimensional art works. The outcome is an artwork that brings forward multiple surfaces that each one reflects light differently and/or making the artwork stretch into the exhibition space and dwell on the borders of two and three dimensional works.

Þórdís Jóhannesdóttir studied Fine Arts at Iceland Academy of the Arts; she got her B.a. degree in 2007 and in 2015 she got her M.a. from the same Academy. Alongside her individual art practice she has worked and exhibited in a two people collaborative Hugsteypan. Þórdís has exhibited widely in Iceland in Galleries and Museums.